

6.bekkur stærðfræði kennsluáætlun 2019-2020 eftir áramót

Kennarar: Kristín Brynhildur Davíðsdóttir

6

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Á þessu tímabili eftir áramótin 2019- 2020 verður unnið með eftirfarandi þætti:

Mælingar

Þyngd

Rúmmál

Yfirborðsflatarmál

Almenn brot

Samlagning og frádráttur með almennum brotum

Margföldun almennra brota

Margföldun og deiling tugabrota

Hnitakerfi og hlutföll

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Stika 2b

Námsspil

Ýmis hjálpargögn, t.d vasareiknir og gráðubogi

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Einstaklingsvinna

Verkefnavinna

Para og hópavinna

Innlögn

Sýnikennsla

Sameiginleg yfirferð og leiðsögn

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Metið er út frá sameiginlegum hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla

Símat í kennslustundum

Kaflakannanir

GF stærðfræði 6. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Leyst stærðfræðiþrautir umviðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.

GF stærðfræði 6. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls.

GF stærðfræði 6. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.

GF stærðfræði 6. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.

GF stærðfræði 6. bekkur - Algebra

- Rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar.

GF stærðfræði 6. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.

- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.
- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.

GF stærðfræði 6. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.
- Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.